

Stofnanasamningur

milli Starfsmannafélags Fjarðabyggðar og Verkmenntaskóla Austurlands um reglur við röðun starfa.

(Samkv. 11. kafla í kjarasamningi félagsins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs 1. mars 2005 til
30. apríl 2008)

Markmið

Markmið stofnanasamnings er að efla samstarf starfsmanna og stjórnenda m.a. til þess að auka gæði þjónustu stofnunarinnar og skapa forsendur fyrir betri starfsskilyrðum starfsmanna. Einnig að gefa starfsmönnum tækifæri til að þróast og bæta sig í starfi og þar með að auka möguleika á bætum kjörum

Gildissvið

Samkomulag þetta nær til þeirra félagsmanna í Starfsmannafélagi Fjarðabyggðar sem ráðnir eru til starfa hjá Verkmenntaskóla Austurlands.

Launaflokkar og grunnröðun starfa

Launakerfi framhaldsskólanna byggir á nýrri launaflokkaröðun (frá 01.05.06) samkv. kjarasamningi Starfsmannafélags Fjarðabyggðar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og eftirfarandi launaflokkar eru grunnröðun fyrir hvert starf. Við upphaf starfs skal taka tillit til eðlis starfsins og starfsmanni grunnraðað í launaflokk í samræmi við það.

Launaflokkar

Við mat á því hvernig starfinu er raðað innan launaflokkanna skal taka tillit til þess hvers það krefst af starfsmanni. Tekið skal tillit til:

- Starfsskipulags og/eða skipurits skóla
- Umfangs starfs
- Ábyrgðar

Röðun starfa í launaflokka

Skólafulltrúi

grunnröðun launaflokkur 06

Gert er ráð fyrir að starfsmaður geti sinnt störfum sem felast í umsjón og ábyrgð á sérstökum verkefnum og/eða verkefnisstjórnun en undir ábyrgð annarra. Starfið krefst sjálfstæðis í vinnubrögðum.

Lýsing:

Afgreiðsla, símavarsla, ritvinnsla, móttaka og öflun gagna og úrvinnsla þeirra, s.s. skráning, merking, fjölföldun og frágangur. Miðlun upplýsinga til starfsmanna og nemenda og annarra viðskiptavina.

Húsvörður

grunnröðun 06

Lýsing:

Sinnir verkefnum skv. starfslýsingu húsvarðar sem m.a. felst í umsjón með húsakosti skólans, innkaupum á rekstrarvörum, samskiptum við starfsmenn og nemendur og stjórnun á þrifum í stofnuninni.

Fjármálastjóri

grunnröðun 14

Um er að ræða störf þar sem starfsmaður ber stjórnunar- og rekstrarlega ábyrgð. Gerðar eru kröfur um sjálfstæði og frumkvæði í starfi. Starfið felst m.a. í samskiptum við ráðuneyti, stofnanir og fyrirtæki.

Lýsing:

Annast allar fjárreiður skólans og bókhald.

Viðbótarforsendur við mat í launaflokka

Starfsreynsla

- Eftir eitt ár í starfi hjá framhaldsskóla eiga starfsmenn rétt á eins launaflokks hækkun.
- Eftir þrjú ár í starfi hjá framhaldsskóla eiga starfsmenn rétt á eins launaflokks hækkun.

Heimilt er að meta starfsreynslu frá öðrum ef hún nýtist í starfi og er hún talin til starfsreynslu hjá stofnuninni að hluta eða öllu leyti.

Menntun

Hafi starfsmaður:

- Framhaldsnám eða sérnám sem nýtist í starfi, og lokið er með viðurkenndri prófgráðu, skal meta það til hækkunar um 2 launaflokka.
- Mastereða doktorspróf sem nýtist í starfi skal meta til hækkunar um 1 launaflokk.

Starfsnám/símenntun

Starfsmaður sem lokið hefur starfsmenntun, sem viðurkennd er af samningsaðilum, eða starfsmenntun/námskeiðum sem nýtast í starfi, skal hækka um launaflokk sem hér segir þegar eftirfarandi tímalengd er náð:

- Starfsmaður skal, þegar 120 kennslustundum er náð, hækka um 1 launaflokka
- Starfsmaður skal, þegar 200 kennslustundum er náð, hækka um 1 launaflokka
- Starfsmaður skal, þegar 280 kennslustundum er náð, hækka um 1 launaflokk

Persónu- og tímabundnir þættir

Heimilt er að hækka starfsmann um 1-4 launaflokka ef hann/starfið uppfyllir einhverja neðangreindar forsendur:

- Starfið felur í sér sérstaka ábyrgð
- Starfið felur í sér flókin verkefni
- Starfinu fylgir kennsla eða leiðbeining annarra starfsmanna
- Starfinu fylgir ráðgjöf innan stofnunar eða utan

- Starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðabundið
- Starfsmaður sýnir góðan árangur í starfi
- Starfsmaður sýnir hæfni til samskipta og samvinnu
- Starfsmaður sýnir frumkvæði í starfi
- Starfsmaður hefur mannaforráð

Leggja skal fram í samstarfsnefnd skrifleg rök þar sem fram kemur hvaða forsendna er verið að taka tillit til.

Sérstök tímabundin umbun

Umbun þessi greiðist vegna sérstakra tímabundinna þátta sem ekki eru sambærilegir ákvæðum stofnanasamnings og greiðist aldrei lengur en áhrif þeirra þátta vara og nemur upphæðin kr 30 þúsund á mánuði. Ákvörðun um greiðslu þessarar umbunar skal tekin af forstöðumanni og byggist á skriflegum reglum sem hann hefur kynnt starfsmönnum.

Endurskoðun

Endurskoðun samnings þessa ber að gera eins og kveðið er á um í 11. kafla í kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs 1.mars 2005 til 30.apríl 2008.

Gildistími

Aðilar eru sammála um að samningur þessi taki gildi 1. maí 2006.

Fjarðabyggð í desember 2006

F.h. Verkmenntaskóla Austurlands:

F.h.starfsmannafélags
Fjarðabyggðar:

Fylgiskjal

**með stofnanasamningi Verkmenntaskóla Austurlands og
Starfsmannafélags Fjarðabyggðar.**

1. Með stofnanasamningi þessum skal tryggt að enginn núverandi starfsmanna lækki í heildarmánaðarlaunum.

F.h. Verkmenntaskóla
Austurlands:

F.h. Starfsmannafélags
Fjarðabyggðar: